

Norræn váttryggingafélög og umhverfismál

Lára Jóhannsdóttir, doktorsnemi við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Í málstofunni fjalla ég um fyrirhugað doktorsverkefni mitt um norræn váttryggingafélög og umhverfismál.

Kjarnastarfsemi váttryggingafélaganna er ekki talin vera sérlega skaðleg fyrir umhverfið í samanburði við ýmsar aðrar atvinnugreinar. Hins vegar er eru þau í lykilstöðu til að skynja þjóðfélagsleg áhyggjuefni og hafa áhrif á aðra efnahagslega starfsemi (CECA, n.d.) með fjármagnsflæði til og frá félögunum. Af þessum sökum gegnir váttryggingageirinn lykilhlutverki í að kynna og leiða umbætur á sviðið umhverfismála. Hagsmunir váttryggjenda eru miklir og þeir sitja beggja vegna borðs á þann hátt að aukinn bíla- og flugvélafloti færir þeim aukin iðgjöld, á sama tíma og loftmengum eykst. Loftlagsbreytingar og loftmengun hefur síðan neikvæð áhrif á tjónatíðni og greiddar tjónabætur, bæði í eigna- og heilsufarstjónum.

Áhrifamáttur váttryggjafélaga í samfélaginu er mikill. Váttryggingafélög eru veigamiklir kaupendur að þjónustu t.d. á sviði bygginga- og bílaiðnaðar og þau eru virk á fjárfestingamarkaði þar sem þau þurfa að ávaxta váttryggingaskuld (bótasjóði) sína. Ástæða þess að umhverfismál eru váttryggingafélögum hugleikin er sú að loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra eru talin hafa bein áhrif á tjónatíðni og alvarleika tjóna og tólfölduðust tjónagreiðslur þeirra frá 1960 til 1990 (J. Snaar, J. Sandberg og T. Mellbye, 29. janúar 2001). Í áratugi hafa endurtryggjendarisar¹ á borð við Swiss Re lagt áherslu á rannsóknir og lausnir á sviðið umhverfismála. Í megin atriðum skiptast áherslurnar í fjóra þætti. Þeir eru a) mat og stjórnun á áhættu b) hagnýting viðskiptatækifæra með nýjum lausum c) áhrif á viðskiptalífið til að mynda með því að miðla upplýsinga og d) að sýna fordæmi með því að draga úr eigin umhverfisáhrifum. Með þessu móti leitast Swiss Re við að gegna því hlutverki að sýna þegnskap í verki og að vernda eignir sínar til hagsbóta fyrir viðskiptavini og eigendur. Áhrif loftslagsbreytingar hafa verið þungamiðjan í áherslum félagsins, bæði hvað varðar hugsanleg tjón og ný viðskiptatækifæri í formi nýrra trygginga og fjárfestingatækifæra (Swiss Re, 2007).

Í fréttatilkynningu frá Munich Re endurtryggingarisanum (desember 2008) segir að veðurfarstengdar tjónagreiðslur vegna ársins 2008 staðfesti að það sárvanti alþjóðasamninga um loftslagsmál. Á sama hátt og Swiss Re, er Munich Re einnig leiðandi rannsakandi á náttúrutengdri áhættu, enda er gríðarlegt gagnamagn til um tjón og tjónatíðni í gagnagrunnum

¹ Váttryggingahugtök er útskýrð í viðauka

vátryggingafélaga. Samkvæmt Munich Re eru niðurstöður ársins 2008 enn ein staðfestingin á þeirri þróun sem vátryggingafélög sjá í gögnum sínum, þ.e. að hér séu um langtíma leitni² að ræða. Ekki er eingöngu um eignatjóna að ræða, heldur einnig heilsufarsleg tjón og tjón vegna mengunar. Magn spilliefna í umhverfi okkar sem geta haft skaðleg áhrif á heilsu manna og lífríkis hefur einnig aukist gríðarlega á fáum áratugum. Reynt hefur verið að ná böndum yfir þessa þróun með alþjóðasamningum. Þar má nefna Basel alþjóðasamninginn (1989) um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra og Stokkhólms samninginn (2001) um lífræn þrávirk efni sem þó hefur ekki öðlast gildi þar sem nægur fjöldi þjóðþinga hefur enn ekki staðfest hann. Árangurinn á þessu sviði er afskaplega takmarkaður enn sem komið er. Samkvæmt ofansögðu eru vátryggingafélög hluti þeirra hagsmunaaðila sem þurfa og geta með beinum eða óbeinum hætti haft áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja og umhverfiskrafna sem gerðar eru til þeirra.

Þrátt fyrir að umhverfismál séu einn þeirra þátta sem móta, eða koma til með að móta, rekstrarumhverfi fyrirtækja og hafa þannig bein og óbein áhrif á viðskiptalífið þá hafa tengsl þeirra við viðskiptalífið einungis að litlu marki verið rannsökuð á Íslandi eða sett í stærra samhengi. Á síðastliðnum 10-20 árum hafa ýmsar rannsóknir og greinar verið birtar erlendis um ávinning af umhverfisstarfi fyrirtækja án þess að afdráttarlausar niðurstöður hafi fengist. Skýringin geta m.a. falist í því að reglugerðarákvæði eru ekki þau sömu í þeim löndum sem rannsóknir eru gerðar í, menningarlegt umhverfi fyrirtækjanna er ólíkt, neytendahegðun mismunandi, tegund iðgreina, stærð fyrirtækja, tímaspönn o.fl. Þá skortir kenningarlegan ramma eða viðmið sem nota má til að skoða tengsl milli umhverfislegrar- og efnahagslegrar frammistöðu (Schaltegger and Synnestvedt, 2002). Fyrirtæki eru engu að síður að leita leiða til að bæta umhverfislega frammistöðu sína á sama tíma og þau tryggja rekstrarniðurstöður sínar (Aydin og Morefield, 2008). Hoffman og Woody (2008) halda því einnig fram að stjórnendur eigi ekki að líta á loftslagsbreytingar sem umhverfislegt viðfangsefni, heldur beri þeim að líta á þær sem markaðslegt viðfangsefni þar sem þær komi til með að hafa áhrif á því sem næst alla geira atvinnulífsins.

Rannsóknin liggur á mörkum tveggja fræðasviða, þ.e. viðskipta- og umhverfisfræða. Þrátt fyrir þær nýju áskoranir sem vátryggingfélög og viðskiptalífið standa frami fyrir vegna umhverfislegra vandamála þá skortir rannsóknir á samspili þessara þátta. Vísindalegt gildi

² Trend

rannsóknarinnar felst í því að bæta úr skorti á þekkingu á sviði váttrygginga og umhverfismála og samfélagslegra áhrifa váttryggingafélaga á þessu sviði. Niðurstöður rannsóknarinnar koma til að mynda til með að nýtast við kennslu innan beggja fræðasviða.

Samkvæmt Hoffman og Woody (2008) þá munu umhverfismál leiða til þess að það verða sigurvegarar og sigraðir á vígvelli viðskiptanna í þeim umbreytingum sem umhverfisvandamál leiða til. Þau fyrirtæki sem að þrjóskast við að höndla loftslagsbreytingar [og önnur umhverfistengd vandamál] sem samfélagslega verkefni, frekar en að skilgreina þau sem viðskiptaleg viðfangsefni eru í mestri hættu með að verða undir í baráttunni (Porter og Reinhardt, 2007). Þrýstingur á að fyrirtæki leggi sitt af mörkum á þessu sviði er sífelld að aukast. Þrýstingurinn kemur frá mismunandi aðilum, s.s. hluthöfum, löggjafarvaldinu, viðskiptavinum, birgjum, fjölmiðlum, samkeppnisaðilum, þrýstihópum o.fl. (Hoffman, 2000), en eins og áður hefur verið nefnt eru váttryggingafélög í lykilstöðu þegar kemur að þrýstingi á fyrirtæki í atvinnulífinu. Rannsóknin hefur því hagnýtt gildi þar sem niðurstöður hennar geta gagnast váttryggingageiranum, hagsmunasamtökum í atvinnulífinu, stjórnvöldum o.fl. í að endurskoða starfshætti í atvinnulífinu. Í heildina hafa niðurstöðurnar rannsóknarinnar gildi fyrir vísindasamfélagið, viðskiptalífið, stjórnvöld, nemendur o.fl.

Rannsókninni er ætlað að leita svara því hvers vegna umhverfisstjórnun er mikilvæg fyrir rekstur váttryggingafélaga og hversu víðtæk áhrif umhverfisstjórnun váttryggingafélaga getur haft á lausn umhverfistengdra vandamála sem við er að glíma. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að vita hvernig umhverfisstjórnun fléttast inn í daglegan rekstur váttryggingafélaga, til að mynda hvar umhverfisstjórnun er staðsett í skipulagi félaganna og hvernig hún fléttast inn í stefnumörkun félaganna, áhættumat, ferli og verklag. Nauðsynlegt er að fá svör við því hversu langt váttryggingafélög ganga í umhverfisstjórnun, þ.e. hversu langt út fyrir vegg váttryggingafélaganna áhrifin ná. Kanna þarf hvort áhrifin endurspeglast í samningum við birgja, í fjárfestingastefnu váttryggingafélaganna, fræðslustarfi o.fl. Búast má við að váttryggingafélögin séu mislangt komin í að innleiða hjá sér umhverfisstjórnun. Þess vegna er æskilegt að fá svör við því hvort og þá hverjar eru hindranir í vegi umhverfisstjórnunar hjá váttryggingafélögunum, hvort umhverfisstjórnun skapi virði eða hvort einungis sé litið á hana sem kostnað. Telji váttryggingafélögin að umhverfisstjórnunin skapi virði er nauðsynlegt að vita á hvaða hátt umhverfisstjórnunin geri það, hvort ávinningurinn sé mælanlegur og þá hvernig, þ.e. hvaða árangursmælikvarðar eru lagðir til grundvallar. Eins skiptir máli að vita hvort breytinga sé að

vænta í umhverfistengdum kröfum váttryggingafélaga til samstarfsaðila og viðskiptavina á komandi misserum og þá hvaða breytinga má vænta.

Heimildir:

- Aydin, R. and Morefield, R. (2008). Corporate environmental partnership: A framework and economic analysis for managerial Choice. *The Business Review*, 11 (2), 40-47.
- Hoffman, A. J. (2000). *Competitive environmental strategy. A guide to the changing business landscape*. Island Press: Washington, D.C. and Covelo, California.
- Hoffman, A. J. og Woody, J. G. (2008). *Climate Change. What's your business strategy?* Boston: Harvard Business Press.
- J. Snaar, J. Sandberg og T. Mellbye (Munnleg heimild, 29. janúar 2001)
- Munich Re (2008, 29. December). *Press release. Catastrophe figures for 2008 confirm that Climate agreement is urgently needed*. Sótt 23. febrúar 2009 af:
http://www.munichre.com/en/press/press_releases/2008/2008_12_29_press_release.aspx.
- Porter, M.E. and Reinhardt, F.L. (2007 Oct). A Strategic Approach to Climate. *Harvard Business Review*, bindi 85, 10. tbl., bls, 22-26.
- Schaltegger, S. and Synnestvedt, T. (2002). The link between 'green' and economic success: environmental management as the crucial trigger between environmental management and economic performance. *Journal of Environmental Management*, 65, 339-346.
- Swiss Re. (2007). 2007 Corporate responsibility report committed to sustainable value creation. Sótt 5. mars 2009 af:
http://www.swissre.com/pws/about%20us/knowledge_expertise/top%20topics/corporat%20responsibility%20report%202006.html
- The Confederacion Española de Cajas de Ahorros (CECA). (2007). *Conclusions of the Working Group: Environment and Financial Institutions*. Accessed January 9, 2009 at:
http://www.csreurope.org/pages/en/environment_and_the_financial_sector.html.